

Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes



12. júní 2017  
UST201705-104/Þ.B.S.  
10.04.03

### Nýtt deiliskipulag - Syðri Hraundalur

Vitnað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi í Syðri Hraundal.

### Skipulagssvæði

Í ofangreindri tillögu kemur fram að skipulagssvæðið sé 11,9 ha að stærð og móti suðri liggja mörk skipulagssvæðis yfir votlendi í 100 m fjarlægð frá jaðarmörkum Syðri-Hraundals 2 og Álftartungu. Móti austri liggja mörkin yfir votlendi að Veitu. Á svæðinu eru mýrardrög og holt sem liggja í stefnunni norðaustur-suðvestur. Landhæð er í um 60 m.y.s.

### Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun minnir á að votlendi stærri en 2 ha og mikilvægir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og forðast ber að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að reyna að velja byggingarreiti eins vel og hægt er með tilliti til þessara vistgerða. Eins er mikilvægt að flæði vatns til votlendisins raskist ekki vegna bygginga eða vega, en það getur haft mjög neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu votlendisvistkerfa. Umhverfisstofnun tekur undur markmið með hverfisvernd á birkiskógum og flóum.

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Umhverfisstofnun bendir á innsláttarvillu í 2. kafla tillögunnar þar sem kemur fram að lög um náttúruvernd séu nr. 60/2010 en þar á að standa nr. 60/2013, eins er talað um 57. gr. 10. kafla náttúruverndarlaga þar sem á að standa 61. gr. sem fjallar um votlendi og önnur mikilvæg vistkerfi.

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur